


|                      |
|----------------------|
| Umhverfisstofnun     |
| Ab. <i>SF</i>        |
| 02 MARS 2007         |
| 54.71                |
| Tilv. UST20070200097 |



**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

④ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2007  
Tilvisun: UST20070200097/sf

### Borun kjarnaholu á Þeistareykjasvæði, Aðaldælahreppi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 8. febrúar sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort fyrirhuguð vegagerð yfir Stórvítishraun að borstöðum kjarnaholu á Þeistareykjum teljist hafa áhrif á eldhraun sem nýtur verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Í fylgigögnum með erindi Skipulagsstofnunar kemur fram að Þeistareykir ehf hafa óskað eftir að Skipulagsstofnun endurskoði þá niðurstöðu sína að lagning vegslóða að borstæði fyrir 400-600 m djúpa kjarnaholu á Þeistareykjum falli undir 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar var vísað til þess að sú vegagerð sem væri nauðsynleg vegna fyrirhugaðrar borunar færir yfir eldhraun, þ.e. Stórvítishraun sem væri þ.b. 7000 ára og að borstað 1 einnig um Þeistareykjahraun sem væri um 2700 ára gamalt. Í erindi Þeistareykja til Skipulagsstofnunar er vakin athygli á að rannsóknir síðastliðin ár á vegum Þeistareykja ehf hafi m.a. leitt í ljós að Stórvítishraun sé mun eldra en áður var talið. Er þar vísað til greinargerðar Íslenskra orkurannsókna þar sem segir m..a.:,...niðurstöður rannsókna sýna m.a. að hraun á Þeistareykjum eru mikið eldri en áður hefur verið talið. Hraunin eru öll, að Þeistareykjahrauninu undanskildu, frá lokum isaldar eða um 10.000 til 13.000 ára. Allt eru þetta dyngjuhraun.”

Auk þess að vísa til framangreindra jarðfræðirannsókna er í erindi Þeistareykja ehf bent á eftirfarandi: „Það sem skiptir meira máli í þessu samhengi er, þar sem megin markmið löggjafans er að tryggja nútímahraunum sérstaka verndun til að varðveita yfirborðsásýnd þeirra, að ásýnd hraunsins er horfin svo til alveg því það er þakið 0,5 til 1 m þykkum móa.”

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 njóta eldhraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur. Af athugasemnum með frumvarpi til laga um náttúruvernd má ráða að með eldhraunum sé átt við hraun sem runnið hafa eftir að landið varð íslaust fyrir 10-15 þúsund árum (misjafnt eftir landshlutum). Þessi hraun eru ekki jökulsorfin eða hulin jökulruðningi. Umhverfisstofnun telur því ljóst að þótt Stórvítishraun sé eldra en áður var talið, þ.e.hafi myndast á Yngri-Dryas (fyrir meira en 11.400 árum), falli það undir framangreinda lagagrein.

Þeistareykir ehf telja að það hafi verið vilji löggjafans að vernda ákveðna yfirborðsásýnd nútímahrauna og er þar væntanlega vísað til eftirfarandi athugasemda með frumvarpi til laga um náttúruvernd:


*„Íslensku hraunin hafa algera sérstöðu hvað varðar gróðurfar. Hæg gróðurframvinda gerir það að verkum að yfirborðseinkenni þeirra eru sýnileg um þúsundir ára meðan súlikar hraunbreiður á suðlægum slóðum geta horfið á kaf í gróður á fáum áratugum.“*

Í greinargerð ÍSOR segir m.a. að þennan hluta mætti túlka á þann veg að í lagi gæti verið að fara inn á vel gróðurvaxin hraun á tímabilinu yngri en 10-15 þúsund ára.


Umhverfisstofnun telur að þó telja megi að nútímahraun hafi misjafnlega mikið verndargildi m.a. eftir því hver ásýnd þeirra er hafi það ekki áhrif á hvort þau falli undir 37. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun fer með framkvæmd laga um náttúruvernd og það er hlutverk hennar að meta náttúruverndargildi þ.m.t. þeirra jarðmyndana og vistkerfa sem heyra undir 37. gr. laganna.

Samkvæmt því sem að framan segir telur Umhverfistofnun framkvæmdina fara um nútímahraun og sé því tilkynningarskyld. Það er hins vegar annað mál hvort stofnunin telur framkvæmdina vera matsskylda en það mat stofnunarinnar getur aðeins byggst á innsendum gögnum um viðkomandi svæði.

Virðingarfyllst



Helgi Þesssson  
forstöðumaður



Sigurrós Friðriksdóttir  
fagstjóri